

**Nd.**

**127. Breytingartillögur**

við frv. til l. um utanríkisþjónustu erlendis og við brtt. á þskj. 106.

Frá allsherjarnefnd.

1. Framan við 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því, einnig í brtt. á þskj. 106):  
Með utanríkismál Íslands fer sérstakt ráðuneyti í Reykjavík, er nefnist utanríkisráðuneyti.  
Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess, ásamt öðrum embættismönnum, sem til þess eru skipaðir. Nánari fyrirmæli um starfsmenn og verkaskiptingu utanríkisráðuneytisins skulu sett í reglugerð.
2. Við brtt. 106, 10. Tillagan orðist svo:  
Fyrirsögn frv. verður:  
Frumvarp til laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.